

Fréttabréf AFLs

2. tbl. 2018

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Um fimmtíu félagsmenn sóttu aðalfund AFLs sem haldinn var á Hótel Héraði síðastliðinn laugardag. Þar voru meðal annars samþykktar reglur um formannskjör og breyting á reglugerð sjúkrasjóðs sem fela í sér verulega hækkun á hámarki dagpeninga auk hækkunar á blutfalli.

Sterkari saman

Næsti vetur gæti orðið vetur átaka á vinnumarkaði

Sterkari saman er einkunnarorð Alþýðusambandsins á 1. maí hátíðarhöldunum fram undan. Tílefnið er augljóst. Eflitið er yfir 100 ára sögu verkalýðsbaráttu á Íslandi sést að stærstu sigirnir og mikilvægustu hafa ávallt unnist með sameiginlegu átaki Alþýðusambandsfélaganna og gildir þá einu hver hefur farið í forystu hverju sinni – aðalatriðið er að þar hafa allir staðið saman.

Misskipting í samfélaginu hefur farið stórlega vaxandi á síðustu árum. Á meðan fátækt er vaxandi og ungt fólk á orðið æ erfiðara með að koma sér upp húsnæði, seljast lúxusbílar meir en nokkru sinni áður. Sjálfataka æðstu stjórnenda og embættismanna er sem aldrei fyrr og menn sem hafa áhyggjur af

heimtufrekju launafólks taka sér tugi prósentu í launahækkanir.

Það hafa verið nokkur átök innan verkalýðsfélaganna síðustu mánuði. Nýr formaður var kjörinn í Eflingu sem er stærsta félagið innan Starfsgreinasambandsins og í VR er formaður sem setið hefur í röskt ár. Áherslur þessara formanna eru þó hvorki nýjar né aðrar en við þekkjum vel en á bak við þessa formenn standa hins vegar aðilar sem kunna betur á fjölmiðla en við hin.

Af því leiðir að barátta þeirra hefur fengið meiri hljómgrunn meðal almennings og er það hið allra besta mál. Það mun hins vegar verða verkefni haustins að reyna að stilla saman ólíka strengi innan ASÍ vegna komandi kjarasamninga því ljóst er að hinir nýju formenn stóru félaganna hafa verið nokkuð stóryrtir

og hvíla því augu flestra á þeim að fylgja stóru orðunum eftir. Ástæða er til að rifja upp ályktun stjórnar AFLs frá í nóvember sl. þar sem stjórn félagsins skoraði á formann VR að leiða hreyfinguna í róttækari baráttu og hét því að styðja þá baráttu.

Takmarkaður árangur án samstöðu

Fari fólk ekki samstíga inn í baráttuna í vetur má hins vegar búast við erfiðri og kostnaðarsamri baráttu með takmörkuðum árangri. Verkfallsátök eru fyrirsjáanleg en verkföll skila ekki árangri nema allir taki þátt.

AFL Starfsgreinafélag á um 340 milljónir króna í verkfallssjóði sínum en nokkuð gekk á sjóðinn í verkfalli sjómanna 2016-2017. Komi til þess

að t.d. 3.000 félagsmenn AFLs fari í verkfall ætti sjóðurinn að duga til að greiða verkfallsbætur í ca. 8-10 daga. Í verkfallsátökum er óheimilt að nota eignir sjúkra- og/eða orlofssjóðs þannig að félagið hefði til ráðstöfunar eignir félagssjóðs til viðbótar við verkfallssjóðinn sjálfan.

AFL Starfsgreinafélag hefur yfirleitt verið í róttækari hluta Alþýðusambandsins síðustu ár en þegar niðurstaða hefur náðst í samninganefndum sambandsins hefur AFL tekið þátt í samvinnu félaganna af heilindum. Aukin róttækni í forystu þessara tveggja stóru féлага innan ASÍ er styrkur við sjónarmið sem félagið hefur haldið fram.

Við verðum klár í slaginn

Það stefnir í átök á vinnumarkaði síðar á árinu. Þá skiptir öllu máli að félagið sé vel undirbúið á öllum vígstöðvum og öll baráttutækin séu til taks og virki vel. Í því sambandi skiptir miklu máli að hægt sé að koma upplýsingum til félagsmanna hratt og örugglega. Þá skiptir máli að nálgast þá þar sem þeir eru. Fréttabréf eins og þetta, sem er borið heim til allra félagsmanna er að mörgu leyti gott, en það tekur samt sem áður tíma að koma því til skila.

Stjórn AFLs hefur ákveðið að gera átak í rafrænni upplýsingamiðlun. Henni er alls ekki ætlað að koma í stað hefðbundinnar miðlunar upplýsinga og fréttu, heldur vera viðbót. Þá er sérstaklega horft til þess að unga fólk okkar les síður prentefni en þeir sem eldri eru. Hér er samt margt sem þarf að hafa í huga. Flóran er fjölbreytt og notkun miðlanna misjöfn, t.d. eftir aldurshópum. Átak AFLs miðar því ekki eingöngu að því að kynna vef félagsins og auka notkun hans, heldur einnig að nýta ýmsa samfélagsmiðla til að koma skilaboðum á framfæri.


Átakið, sem hófst um mánaðamótin mars/apríl, er margþætt. Nokkrar aðferðir hafa verið notaðar til að auka umferð á vefnum www.asa.is.

Eins og sést á meðfylgjandi myndum hefur aðsókn að vef AFLs aukist verulega eftir að átakið hófst. Það má slá því föstu að breytingin sé til komin vegna átaksins, ekki síst keyþra auglýsinga á Google-leitarvélum. Við keyptum þrjár auglýsingar sem virka þannig að þegar leitað er að tilteknum orðum (og tengdum), þá er stungið upp á vissum síðum AFLs. Smelli notandinn á hlekkinn, fer hann inn á upplýsingasíðu AFLs um efnið sem hann leitaði að.

Síðunum hefur einkum verið beint að ungu fólki og hafa fjallað um mál sem snerta þann hóp sérstaklega, sjálfbóðaliðavinnu, sumarstörf og fyrstu skref á vinnumarkaði. Tveimur var beint að erlendum notendum og einni að íslenskum. Notendum á tímabilinu fjölgaði um 70%. Ef miðað er við daginn sem herferðin hófst, þá er fjölgunin um 120%.


Nánari skoðun á notendunum sýnir jafnframt að með þessari litlu herferð hefur tekist að ná í hópana sem oft hefur vantað, ekki síst þann yngsta auk þess sem heimsóknum 25-34 ára fjölgaði verulega.

Aukningin er þó ekki eingöngu vegna keyþra auglýsinga, heldur má rekja hluta hennar til þess að félagið hefur opnað Facebooksíðu



Heildarumferð undanfarinn mánuð. Punktalínan sýnir umferðina vikuna fjórum vikum fyrr til samanburðar.

● 18-24 ● 25-34 ● 35-44 ● 45-54 ● 55-64 ● 65+



Aldursdreifing lesenda á heimasíðu AFLs að undanförunu. Veruleg aukning er í aldersbópnum 18-35 ára.

og greining á því hvaðan notendur koma inn á vefinn okkar sýnir að allmargir koma af henni inn á vefinn.

Samfélagsmiðlarnir

Facebooksíðan var opnuð um svipað leyti. Mest áhersla hefur verið á að fjölga þeim sem fylgja síðunni. Markmiðið er að sem allra flestir félagsmenn, sem á annað borð nota Facebook, verði reglulegir notendur hennar á árinu. Stjórnin hefur

samþykkt skýra stefnu um ábyrga notkun samfélagsmiðlanna, til þess að tryggja að þeir nýtist í baráttunni fram undan.

En það eru ekki allir á Facebook og viðbúið að þar vanti, a.m.k. að hluta, þann hóp sem við höfum mesta þörf á að ná til - yngsta fólkið. Þess vegna er líka unnið að sams konar átaki á þeim miðlum sem yngstu hóparnir nýta sér enn meira, svo sem Snapchat og Instagram.

Miðlun upplýsinga hefur tekið byltingarkenndum breytingum á undanförunum árum og stjórn AFLs er meðvituð um nauðsyn þess að fylgjast vel með og tileinka sér þær í baráttunni. Áður gat maður verið viss um að ná til næstum allra í gegnum blöð, útvarp og sjónvarp. Það er liðin tíð að það dugi. Vissulega þjóna þessir miðlar mikilvægu hlutverki en þeir sem við náum ekki til í gegnum þá er einmitt fólk sem við þurfum svo nauðsynlega að ná til. Þess vegna skiptir máli að tryggja nærveru félagsins þar sem þessir hópar eru. Miðað við mælanlegan árangur af átakinu hingað til, teljum við okkur vera á réttri leið og höldum ótraud áfram.



Auglýsingaberferðir AFLs um þessar mundir.



Til góðra verka!



„Sterkari saman!“

**AFL Starfsgreinafélag sendir félagsmönnum baráttukveðjur í tilefni dagsins.
1. maí hátíðarhöld félagsins fara fram á eftirfarandi stöðum:**

Vopnafirði

Hátíðardagskrá verður í Félagsheimilinu Miklagarði kl. 14:00.
Kaffiveitingar. Tónlistaratriði.
Ræðumaður: Kristján Eggert Guðjónsson.

Borgarfirði eystri

Hátíðardagskrá verður í Álfheimum kl. 12:00.
Súpa og meðlæti.
Ræðumaður: Reynir Arnórsson.

Seyðisfirði

Hátíðardagskrá verður í Félagsheimilinu Herðubreið kl. 15:00.
Kaffiveitingar og skemmtiatriði.
Ræðumaður: Grétar Ólafsson.

Egilsstöðum

Hátíðardagskrá verður á Hótel Héraði kl. 10:30.
Morgunverður og tónlistaratriði.
Ræðumaður: Grétar Ólafsson.

Reyðarfirði

Hátíðardagskrá verður í Safnaðarheimili Reyðarfjarðar kl. 15:30.
Kaffiveitingar og tónlist.
Ræðumaður: Þröstur Bjarnason.

Eskifirði

Hátíðardagskrá verður í Melbæ Félagsheimili eldri borgara kl. 14:00.
Kaffiveitingar og tónlistaratriði.
Tónskóli Reyðarfjarðar.
Ræðumaður: Sverrir Kristján Einarsson.

Neskaupstað

Hátíðardagskrá verður á Hildibrand hótél kl. 14:00.
Kaffiveitingar og tónlistaratriði.
Ræðumaður: Sverrir Mar Albertsson.

Fáskrúðsfirði

Hátíðardagskrá verður í Félagsheimilinu Skrúði kl. 15:00.
Kaffiveitingar. 9. bekkur grunnskólans sér um kaffiveitingar.
Tónlistarskóli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar.
Ræðumaður: Sigurður Hólm Freysson.

Stöðvarfirði

Hátíðardagskrá í Saxa guesthouse kl. 15:00.
Kaffiveitingar. Tónlistarskóli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar.
Ræðumaður: Pálína Margeirsdóttir.

Breiðdalsvík

Hátíðardagskrá verður á Hótel Bláfelli kl. 14:00.
Kaffiveitingar og tónlistaratriði.
Ræðumaður: Pálína Margeirsdóttir.

Djúpavogi

Hátíðardagskrá verður á Hótel Framtíð kl. 11:00.
Morgunverður, tónlistaratriði myndlistasýning grunnskólans.
Ræðumaður: Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir.

Hornafirði

Hátíðardagskrá á Z Bistro kl. 14:00, kaffiveitingar Lúðrasveit Hornafjarðar, leikhópur FAS, tónlistaratriði.
Ræðumaður: Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir.

Reglur um formannskjör



Frá aðalfundinum á laugardag.

Aðalfundi AFLs lokið. Hækkun á sjúkradagpeningum og reglur um formannskjör settar.

Aðalfundur AFLs Starfsgreinafélags var haldinn sl. laugardag. Afkoma félagsins var þokkaleg á síðasta starfsári og allir sjóðir félagsins skiluðu afgangi ef frá er talinn verkfallssjóður en nokkur halli var á honum þar sem útgreiðslur vegna verkfalls sjómanna voru hærri en tekjur sjóðsins á síðasta ári. Tekjur verkfallssjóðs eru 15% af félagsgjaldi allra félagsmanna AFLs svo og vaxtatekjur.

Sjúkrasjóður félagsins skilaði afgangi en greiddir sjúkradagpeningar síðasta árs námu röskum 103 milljónum króna og ýmsir forvarnastyrkir námu röskum 32 milljónum króna. Á aðalfundinum var samþykkt breyting á reglugerð sjúkrasjóðs sem felur í sér verulega hækkun á hámarki dagpeninga auk hækkunar á hlutfalli.

Orlofssjóður félagsins skilaði afgangi en í janúar á þessu ári festi félagið kaup á tveimur orlofshúsum í Ölfusborgum auk þess sem unnið er að endurbótum á tveimur húsum félagsins á Einarstöðum og frekari endurnýjun er fyrirhuguð þar. Orlofssjóði er því þröngur stakkur sniðinn næstu ár.

Einn nýr stjórnarmaður

Ekki bárust framboð til stjórnar en í kjöri voru 3 meðstjórnendur í stjórn AFLs. Tillaga uppstillinga-nefndar, sem valin var af trúnaðarmönnum félagsins á ársfundi trúnaðarmanna 2017, var því sjálfkjörin. Í stjórn voru því kjörin: Pálína Margeirsdóttir, Reyðarfirði, Reynir Arnórsson, Djúpavogi og Fanney Ingibjörg Bóasdóttir, Egilsstöðum. Fanney Ingibjörg er nýr stjórnarmaður og kemur hún í stað nöfnu sinnar Fanneyjar Jónu Gísladóttur frá Reyðarfirði.

Þá samþykkti fundurinn reglur um verklag þegar sitjandi formaður fær móttframboð. Reglurnar verða birtar á heimasíðu félagsins og miða að því að ef til kosninga kemur á milli formanns og frambjóðanda til formanns hafi sitjandi formaður ekki óeðlilegt forskot með tilliti til starfsaðstöðu og aðgangs að kerfum félagsins. Reglurnar miða við að formaður kjörstjórnar geti jafnvel haft afskipti af daglegri starfsemi félagsins síðustu dagana fyrir aðalfund. Reglurnar voru samþykktar samhljóða.

Alls sóttu um 50 félagsmenn aðalfundinn sem haldinn var á Hótel Héraði á Egilsstöðum. Að fundi loknum var boðið upp á kvöldverð.

Braut AFL lög?

Er lögbrot að birta myndir af fólki – jafnvel þó svo að það stilli sér sjálft upp til myndatöku? Við vitum það ekki en við vitum að tveir starfsmenn Persónuverndar „álíta“ það. En álit opinberra starfsmanna er auðvitað enginn dómsúrskurður en þannig hefur málið verið kynnt síðustu vikur.



lögregluna við skýrslutökuna og smellti m.a. tveimur myndum af ungmennunum. Myndirnar sem eru hér til hliðar voru þá birtar í fréttabréfi AFLs og á heimasíðu.

Forsaga málsins er að 9. júní 2016 slóst framkvæmdastjóri AFLs í för með starfsmanni Vinnuálastofnunar og starfsmönnum ríkisskattstjóra í eftirlitsferð á bæinn Vallanes þar sem Móðir Jörð ræktar lífrænt grænmeti til sölu á samkeppnismarkaði. Í skoðuninni kom í ljós að nokkrir starfsmanna við ræktun á búinu voru sjálfboðaliðar og þ.m.t. þrír þeirra frá Bandaríkjunum en á landinu sem ferðamenn.

Ekki þarf að hafa langa sögu um viðhorf AFLs eða verkalýðshreyfingarinnar til sjálfboðaliðastarfa. Ríkisskattstjóri hefur gefið út álit þess efnis að þeim sem þiggja vinnu sjálfboðaliða beri að greiða skatta af verðmæti þeirrar vinnu sem þeir fá þannig að gjöf – og að sjálfboðaliðum beri að greiða skatta af þeim hlunnindum sem þeir njóta – s.s. fæði og húsnæði. Til viðbótar er ljóst að allir sem stunda vinnu á Íslandi þurfa atvinnuleyfi – hvort heldur viðkomandi þiggur laun eða ekki.

Eftir að eftirlitsferðinni lauk og AFL, ríkisskattstjóri og Vinnuálastofnun höfðu yfirgefið staðinn var ákveðið að kalla á lögreglu til skýrslutöku af því að meðal sjálfboðaliðanna voru þrír Bandaríkjaunglingar og án atvinnuleyfa. Framkvæmdastjóri AFLs sneri þá við og hitti

lögregluna við skýrslutökuna og smellti m.a. tveimur myndum af ungmennunum. Myndirnar sem eru hér til hliðar voru þá birtar í fréttabréfi AFLs og á heimasíðu. Forsvarsmenn Móður Jarðar hafa allt frá því að þessi atburður varð hótað AFLi málaferlum en ekkert varð af þeim. Þá kvörtuðu þeir til Persónuverndar. Niðurstaða Persónuverndar var – eins og búast mátti við – að AFL hefði ekki brotið á Móðir Jörð enda er það fyrirtæki en ekki persóna og nýtur þannig ekki „persónuverndar“. En að þeirri niðurstöðu fenginni ákváðu tveir starfsmenn Persónuverndar að framkvæma „frumkvæðisathugun“ á myndbirtingunni án þess að fyrir lægi kvörtun þeirra sem á henni voru. Áður hafði verið ýjað að því að til skoðunar væri að gera það. Ekki var haft frekara samband við AFL vegna málsins.

Álit þessara starfsmanna Persónuverndar hefur engin áhrif og litla stöðu en er engu að síður skjalfest álit stofnunarinnar og þannig „meiðandi“ fyrir félagið. Stjórn AFLs er verulega ósátt við álitid og er að skoða möguleg viðbrögð.

Félagið telur eftir sem áður bagalegt og beinlínis skaðlegt fyrir íslenskt samfélag ef „lífsleiðir millistéttarunglingar“ koma til landsins til að ganga í störf sem greiða á laun fyrir og grafa þannig undan réttindum og kjörum launafólks.

Hámark sjúkradagpeninga hækkað í 900 þúsund

Hlutfall hækkar í 90% í áföngum

Aðalfundur AFLs sem haldinn var á laugardag samþykkti samhljóða að sjúkradagpeningar félagsins myndu hækka frá 1. maí í 85% viðmiðunartekna og á næsta ári í 90% viðmiðunartekna, enda sýni bráðabirgðauppgjör ársins 2018 að sú hækkun sé framkvæmanleg.

Jafnframt samþykkti fundurinn að hámark

sjúkradagpeninga yrði frá 1. maí kr. 900.000 í stað um kr. 540.000 í dag.

Í báðum tilfellum miðar upphæðin við dagpeninga sjúkrasjóðs AFLs að viðbættum sjúkradagpeningum Tryggingastofnunar sem í dag eru röskað 50.000 kr. á mánuði.

Sjúkrasjóður AFLs hefur skilað afgangi síðustu ár og árið 2017 nam afgangur 30 milljónum króna. Mat stjórnar félagsins er að umræddar

hækkunar á sjúkradagpeningum kosti um 20–25 milljónir króna á árinu og sjóðurinn standi undir hækkuninni. Staða sjóðsins er sterk og hefur sjúkrasjóður AFLs ávallt skilað afgangi ef undanskilið er árið 2008.

Greiddir sjúkradagpeningar á síðasta ári voru 103 milljónir króna og greiddir styrkir 32 milljónir.